

föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS

13. mars 2009

HEF ALDREI VERIÐ JAFN HAMINGJUSÖM

Birgitta Haukdal gifti sig í október,
á von á sínu fyrsta barni í sumar
og stundar söngkennaranám
af fullum krafti í Danmörku.

* ANDLIT SJÖ- UNDA ÁRA- TUGARINS


Guðbjörg Huldís sýnir
nýjustu straumana
í vor- og sumarförðun

* ENDURNÝTIR OG HAND- VINNUR

Arngunnur Ægisdóttir
hannar töskur, hárskraut
og skarpgrípi

* MÉR FINNST ÉG EIGA ALLT EFTIR

Tvær nýjar þáttaraðir í
leikstjórn Silju Hauksdótt-
ur koma út á næstunni



Fit Pilates

í húsi Hreyfigreiningar, Höfðabakka 9.

Nýtt 4 vikna námskeið að byrja, styrktu líkamann með skemmtilegum æfingum.
Enginn hamangangur heldur rólegar og árangursríkar æfingar.

HREYFI GREINING

Morguntímar, hádegistímar og kvöldtímar.

Skráning í síma 892-3808

núna

* brýtur ekki spegla



INGA LIND KARLSDÓTTIR FJÖLMÍÐLAKONA

„Þar sem það er föstudagurinn þrettánda ætla ég að fara mér að engu óðslega og forðast allar áhættur. Vera bara inni, fylgjast svo með prófkjörsúrslitum og borða popp. Svo ætla ég að taka til. Heimavinnandi húsmóðir er alltaf að taka til.“



Lífsstílsmeistarinn valinn

Með tilkomu ýmiss konar æfingarkerfa í líkamsræktarstöðvum landsins, hafa æfingastöðvarnar Lífsstíll, CrossFit-Sport í Sporthúsinu, CrossFit-Iceland í World Class og BootCamp skipulagt þrekmótarið þar sem nokkrum mismunandi keppnum verður stillt upp yfir árið. Sú fyrsta fer fram í Íþróttahúsinu í Keflavík á morgun, en þar verður Lífsstíls-meistarinn krýndur. 204 keppendur eru skráðir til leiks í einstaklinga- og liðakeppni beggja kynja, en meðal þátttakenda eru Kristjana Hildur Gunnarsdóttir, margfaldur þrekmeistari, Evert Víglundsson og Leifur Geir Hafsteinsson, CrossFit þjálfarar, Vikar K. Sigurjónsson, eigandi Lífsstíls og keppnishaldari, og Ingunn Lúðvíksdóttir, lcefitness- og þrekmeistarakeppandi með meiru.

Breytingar í Idol

Tíu strákar keppa í kvöld um fimm laus sæti í Idol-stjórnuleit Stöðvar 2. Fjórir þeirra verða kosnir áfram í símakosningu en dómnefndin, Björn Jörundur, Selma Björns og Jón Ólafs, fá að velja í síðasta sætið. Í uppsiglingu gæti verið mikil öskubuskusaga því einn keppenda átti ekkert að vera í þessum tíu manna hóp. Sá heitir Bessi, er frá Selfossi og var kippt inn þegar Arnari Jónssyni var vísað úr keppni vegna þátttöku sinnar í Eurovision. Bessi mun syngja Gvendur á Yrinni.



Arngunnur Ægisdóttir hönnuður kynnir línuna SoonE:

FÆR INNBLÁSTUR ÚR „VINTAGE“-FÖTUM

Ég handvinn úr íslenskum efnum og bý aðeins til eitt eintak af hverjum hlut,“ segir Arngunnur Ægisdóttir hönnuður um nýju línuna sína SoonE. Arngunnur var aðeins þrettán ára þegar hún komst fyrst í kynni við tískuheiminn sem fyrir-sæta hjá Eskimo. Eftir að hún sagði skilið við fyrirsætustörfin níttján ára gömul flutti hún til Kaupmannahafnar þar sem hún lauk námi í fatahönnun og eftir það lá leiðin til Bretlands þar sem hún starfaði sem verslunarstjóri hjá All Saints um árabíl og tískuvörukeðjunni Browns.

„Ég vann í hlutastarfi hjá Browns meðan ég var að hanna heima. Ég eignaðist svo litla stelpu fyrir fimmtán mánuðum svo ég kláraði SoonE línuna í fæðingarorlofinu,“ segir Arngunnur sem er 29 ára og er búsett í Cotswolds í Gloucestershire á Englandi. „Ég hanna töskur, hárskraut og skartgripa þar sem hver hlutur er einstakur, en saman mynda þeir eina heild í SoonE línunni. Ég fæ mik-

inn innblástur frá náttúrunni, dóttur minni og þar sem maðurinn minn er listaverkasali er ég stöðugt umkringd list sem örvar sköpunargleðina. Ég er líka mikið fyrir „vintage“-föt og fylgihluti sem ég tek gjarnan og breyti.

Ég gerði til dæmis tösku með „vintage“-brúðarslöri og notaði gamalt hálsmen í hárskraut svo það hefur ekki allt sinn upprunalega tilgang. Ég breyti oft hlutum eins og ég sé þá fyrir mér og þá nota ég mikið af íslenskum efnum svo sem fiskróði, steinum og perlum. Allt sem ég hanna vinn ég sjálf og legg mikinn tíma í hvern hlut, svo ekkert er fjöldaframléitt,“ segir Arngunnur sem vinnur nú að því að koma línunni á framfæri.

„Ég er í viðræðum við nokkrar verslanir, en ætla að byrja að selja á netinu, bæði á Facebook og á síðunni www.soone.co.uk sem er í vinnslu og verður tilbúin innan skamms. Þangað til getur fólk sent mér póst á arngunnur@hotmail.com.“

-ag



Flott Arngunnur nýtir gjarnan vintage-föt og fylgihluti sem hún breytir og bætur.

Þetta HELST

Enginn tími fyrir karlmenn

„Ég hef engan tíma fyrir svoleiðis,“ segir Aðalheiður Ólafsdóttir söngkona þegar hún er spurð hvort hún sé eitthvað að deita. Heiða er í leiklistarnámi í Circle In The Square Theater School í New York og mun útskrifast í vor. „Ég hugsa að ég fari út aftur því ég má dvelja í landinu í eitt ár eftir útskrift,“ segir Heiða sem ætlar að eyða sumrinu á Íslandi. Aðspurð hvort hún sé að velja leik-

listina fram yfir sönginn segir hún svo ekki vera. „Ég vissi alltaf að mig langaði að leika ásamt því að syngja og hefur líka alltaf langað að búa erlendis. Að vera í leiklistarskóla er líka eins og að vera í sálfræðimeðferð, hrikalega gott og nærandi fyrir sálina og maður kemst ekki upp með neitt annað en að opna sig algjörlega og vera berskjaldaður sem er frábært.“

- íáh



augnablikið



VEL KLÆDDAR Elizabeth Pittman og Huguína Harðardóttir voru vel klæddar á Pósthúsinu í Pósthússtræti sem Andrés Pétur Rúnarson, fyrverandi fasteignasali, opnaði um síðustu helgi. Elizabeth var með loðfeld um hálsinn, en Huguína í pels.



LAGERSALA Lín Design

Úrval rúmteppa, púða, dúka, rúmfatnaðar ásamt ýmsu öðru. Sýniseintök og lítillaga útlitsgallaðar vorur með allt að 80% afslætti. Lagersalan er á Malarhöfða 8, í brekkunni fyrir aftan Ingvar Helgason.

Opíð föstudag 16 – 19 & laugardag 10 – 15.

Aðeins þessa einu helgi.

Lín
DESIGN

www.lindesign.is/lagersala

Laugavegi 176, gamla sjónvarpshúsið | Sími 533 2220 | www.lindesign.is

Árlegt konukvöld Létt Bylgjunnar:

Kynþokkinn á undanhaldi

„Það var lengi vel valinn kynþokkafyllsti karlmaðurinn, en í fyrra fannst okkur vera kominn tími til að hrista upp í þessu og völdum afrekskonu ársins,“ segir Ragnhildur Magnúsdóttir útvarpskona um konukvöld Létt Bylgjunnar sem fer fram í Smáralindinni 25. mars næstkomandi. „Hvaða kona sem hefur sigrast á erfiðleikum, unnið góðverk eða annað getur komið til greina sem afrekskona ársins 2009. Við fengum mörg hundruð ábendingar í fyrra og sækjumst nú eftir ábendingum á www.lettbylgjan.is.“

- ag



Afrekskonan valin Hera Björk verður kynnráðgjafi á konukvöldinu og Á móti sól koma fram svo eitthvað sé nefnt.

föstudagur

Útgáfufélag 365 miðlar ehf. Forsiðmynd Valgarður Gíslason
Útlitshönnun Kristín Agnarsdóttir Auglýsingar Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir
sigrurdagny@365.is sími 512 5462 Föstudagur Skattafló 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

fermingar
tilboð

FOR YOUR HOME



MÓSAIK STJAKI
til í þremur litum á aðeins **1.990,-**



FIÐRILDI, tvö saman á aðeins **990,-**
Klemmur sem geta prýtt hvað sem er!



30%

SPEGILL, jade garden
verð 12.900,- nú **9.030,-**



30%

SÆNGURVERASETT
hvít og svört á aðeins **3.990,-**



BASTSTÓLAR, þrjú litir
á aðeins **3.990,-**



30%

RÚMTEPPI 180X270
svört og fjólublá
verð 8.990,- nú **6.293,-**



SKARTGRIPIR
6 litir á aðeins **1.490,-**



SILKIBLÓM
mikið úrval verð frá **190,-**



mikið úrval
af skartgripum

KROSSAR ýmsir litir
á aðeins **1.290,-**



SKRAUTLENGJA
fjórir litir á aðeins **1.190,-**
fyrir veisluborð, á beltí, í glugga
... eða bara hvar sem er!



30%

SKILRÚM,
jade garden
verð: 19.900,-
nú **13.930,-**

the
PIER

Ótrúleg
fermingar
tilboð!

FÉKK ÆÐI FYRIR *súrmat* & ávö

Birgitta Haukdal gifti sig í haust og á von á sínu fyrsta barni í sumar. Hún hefur þó hvergi sagt skilið við tónlistina heldur flýgur mánaðarlega til Danmerkur þar sem hún leggur stund á kennarnám í complete vocal-söngtækni.

Viðtal: Alma Guðmundsóttir
Ljósmyndir: Valgarður Gíslason

Birgitta hefur svo sannarlega látið að sér kveða í íslenski tónlist allt frá því að hún kom fyrst fram á sjónvarsviðið með hljómsveitinni Írafári. Hún hefur verið fulltrúi okkar í Eurovision, leikið í söngleikjum, gefið út 6 plötur svo eitthvað sé nefnt og leggur nú stund á kennarnám í complete vocal-tækni í Danmörku. „Ég flýg út einu sinni í mánuði og er þar fimm daga í senn. Ég fór í árs söngnám 2007 og byrjaði svo í þriggja ára kennarnámi í fyrri. Ég tímdi ekki að hætta eftir söngnámið því ég fékk svo mikið út úr því og finnst þessi tækni alveg frábær. Mig langar að miðla henni áfram og er að kenna mikið hér heima meðfram náminu, ég er nýlega farin að kenna bæði master-class-tíma fyrir hópa og tek líka fólk heim í einkatíma, að lifa á tónlist með söng og kennslu er markmið mitt í framtíðinni,“ segir Birgitta sem söng einnig með Stuðmönnum um árabil, þangað til í fyrri. „Ég hætti á sama tíma og Egill. Það var virkilega gaman að syngja með þeim, en þegar hann var farinn voru þetta ekki lengur Stuðmenn í mínu hjarta og þá fannst mér þetta ekki eins spennandi,“ bætir hún við.

LEYNIGESTUR Í BRÚÐKAUPINU

Birgitta er gift Benedikt Einarssyni, eða Bensa. Þau kynntust fyrir sex árum í söngleiknum Grease í Borgarleikhúsinu þar sem Birgitta lék Sandy og Bensi lék þar minna hlutverk og dansaði, en hann er nú að ljúka við mastersnám í lögfræði. Þau giftu sig við hátíðlega athöfn í Dómkirkjunni í október síðastliðnum, héldu glæsilega veislu í Turninum og segir Birgitta brúðkaupsdaginn vera ógleymanlegan.

„Ég vissi alltaf að það væri yndislegt að gifta sig, en hafði aldrei grunað hvað þetta er stór stund. Mín reynsla er sú að þetta var miklu merkilegri dagur en ég hafði búist við. Þegar fólk segist ekki ætla að gifta sig hvet ég það samt til að gera það því það þarf engan mat eða veislu, þetta er bara svo yndisleg upplifun,“ segir hún. „Við komumst að því örfáum dögum eftir brúðkaupið að ég var ófrísk og á að eiga í lok júní. Litla barnið var því leynigestur í brúðkaupinu hjá okkur og var án efa besta brúðargjöfin,“ bætir hún við brosandí og segist hafa verið mjög hress það sem af er meðgöngunni.

„Ég var frekar hrædd við að stunda leikfimi fyrstu vikunnar, en byrjaði svo í meðgönguleikfimi á tólfstu viku í Fullfrísk. Þá sást varla á mér á meðan stelpurnar sem ég var með voru kasóléttar, en það fór ekkert að sjást á mér fyrr en á fjórða mánuði og er ég enn mjög þen. Ég bjóst alveg við því að vera ælandi inni á klósetti fyrstu mánuðina því ég hef oft verið með einhvers konar magavesen, en svo hefur mér bara aldrei liðið betur né verið hraustari. Ég ætla að vera í leikfimi svo lengi sem líkaminn leyfir, ekki í því skyni að þyngjast ekki heldur bara upp á líkamlegt og andlegt heilbrigði.“

SÚRMATUR Í ÖLL MÁL

Birgitta segist hafa fundið löngun í ótrúlegustu hluti frá því að hún varð ófrísk. „Mér hefur alltaf þótt súrmatur góður og hef borðað hann árlega á þorablótum frá því að ég var lítill, en í desember mætti ég allt í einu heim með heila tunnu af súrmat, aðallega



Óvænt „Í desember mætti ég allt í einu heim með heila tunnu af súrmat, aðallega súrum hrútsprungum, og kláraði hana ein,“ segir Birgitta.

súrum hrútsprungum. Þetta ekki og fannst þetta ógeðslegt svo ég kláraði alla fötuna ein og keypti mér síðan aðra í janúar. Frá desember og út febrúar hakaði ég bara í mig súrmat, sviðasultu og hrútspunga,“ segir hún og hlær. „Sem betur fer er þetta yfirstaðið þar sem súrmatur fæst varla í búðunum lengur, annars hef ég sjaldan borðað jafn mikið af ávöxtum eins og frá því að ég varð ólétt.“

Spurð hvort barneignir hafi lengi verið á dagskrá segir hún svo ekki vera. „Margir hafa eflaust haldið að

ég hafi verið búin að þróa börn í mörg ár því ég hef alltaf verið svo mikil barnakona, en það var ekki, þetta var bara rétti tíminn. Mín skoðun er sú að við verðum að finna manninn okkar sem við viljum eyða ævinni með og koma okkur fyrir áður en barneignir byrja. Ég lít alls ekki á barneignir sem sjálfsagðan hlut og á hverjum degi þakka ég fyrir litla kraftaverkið okkar. Ég var alltaf að fá spurningar um hvort ég væri ólétt og tvisvar á ári fór óléttusaga á kreik, svo ég var farin að halda að ég fengi alltaf bumbu á vissum árs-

tíma,“ segir Birgitta og hlær. „Flestar vinkonur mínar eru búnar að eignast börn og mér óx það mikið í augum, en núna finnst mér þetta bara spennandi verkefni og get ekki beðið eftir að vera öskrandi uppi á fæðingardeild. Maður uppgötvar líka að þetta snýst ekki um mann sjálfan og hugsanir eins og; „hvernig á mér eftir að líða?“ eða „á þetta eftir að vera vont?“ hverfa, því þegar á hólminn er komið ræður maður engu, þetta snýst bara um að koma heilbrigðum einstaklingi í heiminn.“

Árangur fer eftir gæðum Hvaða Spirulina ert þú að taka?

29 vítamín og steinefni · 18 aminósýrur · Blágræna · Omega GLA fitusýrur · SOD eitt öflugasta andoxunarensím líkamans

Eingöngu lífræn næringarefni tryggja betri upptöku og nýtingu í líkamanum.

LifeStream

**Aukið úthald,
þrek og betri líðan**

Gott fyrir ræktina og mikið álag. Spirulina inniheldur mikið af blágrænu og glyccogen, því meira glyccogen sem er til staðar í líkamanum við æfingar því betri árangur. Blágræna eykur súrefnisflutning í blóðinu. Ef Spirulina er tekið inn 1/2 tíma fyrir æfingar eða annað álag gefur það aukið þrek, úthald og einbeitingu. Dregur úr þirringi, sleni og sætindabörf, truflar ekki svefn. Gæðastaðall ISO9001, ISO1401.



Fæst í apótekum, heilsubúðum og Fríhöfninni.

www.celsus.is

✿ bak við tjöldin

Stjörnumerki: Ljónynja.

Besti tími dagsins:

Mjög misjafnt en þykir ansi gott að hafa rólegheit í morgunsárið og gefa mér góðan tíma í að vakna og borða góðan morgunmat.

Geislaskurinn í spilaranum: Duffy, Jeff Who og Bíum bíum.

Uppáhaldsverslunin:

Þar sem ég er mikið ljón þá versla ég mikið skart og dúlleri í Kiss í Kringlunni. Frábær búð þar sem alltaf er hægt að finna eitthvað. Annars er mjög misjafnt eftir

dögum hvar ég versla fötin mín. Zara, Karen Millen. Oasis, Coast, H&M og fleiri og fleiri.

Uppáhaldsmaturinn:

Sushi og dökk sukulaði. Hef oft sagt að ég sé „Sushaholic“ og „chocoholic“.



Mesta dekið:

Fara á góðan veitingastað í „tasting menu og wine menu“.

Áhrifavaldurinn?

Foreldrar mínir eru tvímælalaust mestu áhrifavaldarnir í mínu lífi.

Mesta freistingin:

Sushi og kampavín. Mmm... fékk bara vatn í munninn við að skri þetta. Hef bragðað hvorugt í næstum sex mánuði.

Líkamsræktin:

Þessa mánuðina er ég í meðgönguleikfimi í Fullfrísk og fer svo Hreyfingu og sund inn á milli.

Þxtum

MIÐLAR AF REYNSLUNNI

Ef allt gengur að óskum ætla Birgitta sér að halda ótrauð áfram í náminu í Danmörku fram að fæðingu. „Ég má fljúga alveg út maí svo ég missi bara af einum kúrs í júní. Ég ætla svo að reyna að halda áfram eftir fæðingu án þess að stoppa, ef allt gengur eftir. Það er ekkert mál að taka lítinn grís með sér út og ég tek bara barnaþú með mér eða fæ barnaþú á staðnum. Svo er ég viss um að mamma og systir mín eigi einhvern tíma eftir að koma með, en þær eru búnar að bíða ansi lengi eftir þessu barni,“ segir Birgitta sem dvelur ýmist á hótélum eða leigir íbúð þegar hún dvelur í Danmörku.

Fyrir utan skóla vinnur hún í eigin tónlist og útilokar ekki að næsta sólóplata hennar verði ólík því sem hún hefur áður fengist við. „Í söngnáminu prófaði maður mismunandi stíla og áttaði sig á að allir geta sungið allt. Maður getur orðið rokkari, poppari eða hvað sem er, allt á sömu tækninni. Ópera er kannski það sem á síst við mig, en maður breytist með hverjum mánuðinum. Ég er búin að vera að syngja popp og rokk í gegnum tíðina, en er núna orðin spenntari fyrir að syngja djass, blús og meiri „hard core“ rokk-tónlist,“ bætir hún við. „Tónlistin er bara mín ástríða og núna er ég að vinna verkefni í samstarfi við einn af mínum bestu vinum. Mér finnst æðislegt að spila og semja og glamra bæði á píanó og gítar. Ég get samt ekki samið á hvaða píanó sem er því ég verð helst að sitja við flygil til að eitthvað gerist. Það er eitthvað við stemninguna og „soundið“ því það kemur alltaf eitthvað á fyrstu fimm mínúttunum. Einn af mínum stærstu draumum er að eignast flygil heim í stofu. Ég hef líka samið á tölvu, en ég fæ bara ekki eins mikið út úr því og finnst betra að vera búin að semja lagið á hljóðfæri áður en ég tek það upp í tölvunni,“ útskýrir Birgitta. Þegar talið berst að framtíðarplönunum segir hún söngkennsluna vera ofarlega á blaði. „Þegar ég var yngri hefði ég ekki getað ímyndað mér að ég ætti eftir að verða söngkennari þegar ég yrði stór, en í dag á kennslan hug minn allan. Ég á mér samt fullt af draumum sem ég á eftir að láta rætast og get verið svo mikið fíðildi að mér finnst eitthvað rosalega spennandi í dag, en eitthvað allt annað á morgun. Ég veit í raun ekkert hvar í heiminum ég ætla að búa í framtíðinni eða hvað ég ætla að eignast mörg börn svo ég tek bara einn dag í einu,“ segir Birgitta að lokum og brosir.

VIGDÍS FINNBOGADÓTTIR

Pórdís Elva Þorvaldsdóttir Bachmann, leikkona og leikskáld



„Ég fæddist á sömu stund og Vigdís Finnbogadóttir tók við forsetaembættinu, fyrst kvenna í heimi. Staða Vigdísar kenndi mér þjóðarstolt, svo hún er óhjákvæmlega áhrifavaldur í lífi mínu. Einnig hafði leikskáldið Eve Ensler mikil áhrif á mig, því hún sannaði fyrir mér að leikrit geta haft pólitískan slagkraft og hrundið af stað mannréttindabaráttu, líkt og Píkusögur og V-dagurinn hafa gert. Án þeirra áhrifa hefði ég líklega aldrei skrifað leikrit. Í tónlistinni verð ég fyrir sífelldum áhrifum frá tónlistarkonunni Tori Amos, sem kenndi mér að nálgast tónlist á nýjan hátt. Síðast en ekki síst hefur fjölskyldan mín verið áhrifavaldur í lífi mínu, sérstaklega systir mín, sem sannaði með styrk og dugnaði sínum að það er aldrei of seint að breyta til.“

ÁHRIFA-
valdurinn



Þrettándakvöld

eða... hvað sem þér viljið

Frumnýning í Þjóðleikhúsinu fös. 13. mars



eftir William Shakespeare leikstjóri: Rafael Bianciotto. Í samstarfi við Nemendaleikhús LHÍ



Draumafríð?
Skíðaferðir eru besta fríð.

Hverju myndirðu sleppa ef þú yrðir að spara?

Ég myndi sleppa því að fara í frí til útlanda og að borða á finum veitingastöðum. Einnig myndu fatainnkaup minnka.

tíðin

* með rauðar neglur

TÖFRAR OG DIRFSKA Lalli töframaður, John sjónhverfingamaður, Pétur Pókus og Sirkustrúðurinn Wally sýna það sem í þeim býr í metnaðarfullri sýningu, en þeir hafa ólíka reynslu á sviði töfra og sikuslista. Ekki missa af frábærri fjölskylduskemmtun í lönó um helgina fyrir fullorðna og börn, sex ára og eldri.

MARLEY AND ME Jennifer Aniston og Owen Wilson fara með aðalhlutverk í gamanmynd sem fjallar um par sem fær sér lítinn hvölp, Marley, sem verður yfiringilegur þegar hann stækkar. Ekki missa af stórskemmtilegri mynd sem var á toppnum í Bandaríkjunum tvær vikur í röð og er byggð á samnefndri metsölubók.



Helena Eufemía lögfræðingur:

Er glysgjörn og elskar aukahluti



Getur þú lýst þínum stíl? Ég hef alltaf haft mjög gaman af því að klæðast fallegum fötum og hefur fatastillinn minn þróast í gegnum árin. Þó svo að það sé erfitt að lýsa eigin stíl verð ég að telja að minn sé klassískur en afar fjölbreyttur. Ætli ég hafi ekki verið hrafn í fyrra lífi þar sem ég er ótrúlega glysgjörn og elska aukahluti, sem geta gert gæfumuninn fyrir annars hlutlausan klæðnað, til dæmis tösukur, síð hálsmen og falleg hárskraut. Einnig viðurkenni ég fúslega að ég er skófikill á háu stigi þar sem ég get ekki neitað mér um skó sem heilla. Konur eiga hreinlega aldrei nóg af tvennu – skóm og skarti.

Hvað dreymir þig um að eignast í vetur? Ég er rosalega hrifin af þeirri hönnun sem Margrét Árnadóttir hefur verið með undanfarin ár og í langan tíma hefur mig dreymt um að eignast bæði svarta og beige ermaslá frá M-design, en þær eru úr íslensku ullinni.

Hvað keyptir þú þér síðast? Ég hef verið voðalega dugleg undanfarið að kíkja í búðir og í flestum tilfellum gert alveg svakalega góð kaup. Það seinasta sem bættist þó í fataskápinn var kjóll frá All Saints, Bronx skór frá GS skóm og svo var ég



að kaupa mér geggjaðan jakka á netinu sem kemur vonandi í hús sem allra fyrst.

Uppáhaldsverslun? Ég hef

ferðast mikið undanfarið og finnst skemmtilegast að leita uppi verslanir sem selja „unique“ föt sem ekki önnur hver stelpa klæðist. Það er voðalega erfitt fyrir mig að velja eina verslun sem er í upphaldi hér á landi en þær sem eru ofarlega í huga eru All Saints, Miss Sixty, Zara, Topshop og auðvitað 66° Norður ef það á að kaupa góð útiföt.

Uppáhaldsfatamerki? Ég á ekkert eitt upphaldsfatamerki, en ætli upphaldsfatamerkin séu ekki þau sem ég finn í verslunum sem ég nefndi hér að ofan. Samt sem áður er alltaf gaman að slefa yfir nýjustu hátískublöðunum og í kjölfarið reyna að taka skynsamlega ákvörðun um það hvort flikurnar þar séu peninganna virði.

Í hvað myndir þú aldrei fara? Ég myndi aldrei láta sjá mig í hvítum leggings.

Hvaða snið klæðir þig best? Þegar fólk hefur fjölbreyttan fatastíl er erfitt að finna eitt snið sem hentar best. Mér finnst skemmtilegast að blanda mismunandi hlutum saman og vera dugleg að prófa eitthvað nýtt. Það sem skiptir mig mestu máli er að mér líði vel og sé sátt við útkomuna hverju sinni.

- 1 Bronslitaðir skór úr Nine West, einnig keyptir í Boston.
- 2 Grár kjóll með hvítum blómum úr Topshop í London.
- 3 Blár kjóll með svörtu glimmeri úr Ware
- 4 Skyrtu úr Zöru, leggings frá American Apparel í Boston, Celia Marco design stígúti, armband úr Mango og hálsmen frá ömmu.
- 5 Eyrnaband úr selskinni sem ég fékk í gjöf frá frænda mínum þegar hann kom frá Grænlandi.
- 6 Pils sem ég keypti í Norr í Stokkhólmi.
- 7 Jakki með pallfettum úr H&M í Stokkhólmi, hlýrabolur úr Gina Tricot í Kaupmannahöfn, gallabuxur úr Miss Sixty, skór úr Zöru og hringur eftir Hendrikku Waage.
- 8 Nine West taska, keypt í Boston.

SALATBARINN ER

13

ÁRA
í dag
föstudaginn

13.

13% afsláttur

Ef 13 koma saman fær sá 13. frítt.

13 ára greiða 13 krónur.

Landsfrægir listamenn skemmta í hádeginu og í kvöld.

Þorir þú út föstudaginn 13.?

Faxafen 9 • Sími 588 0222

Erum einnig með almenna veisluþjónustu

www.salatbarinn.is

Andlit sjöunda áratugarins áberandi

„90's áhrif eru mjög sterk, en það glittrir líka í 60's áhrif,“ segir Guðbjörg Huldís Kristinsdóttir förðunarmeistari, spurð um tískustraumana á komandi mánuðum. „Andlit sjöunda áratugarins verður áberandi í vor með svörtum, þungum skugga í kringum augun, fölum vörum og löngum, þykkum augnhárum,“ bætir hún við. Til að ná þessum tískuáhrifum farðaði Guðbjörg Huldís Evu Katrínu Baldursdóttur með vörum frá MAC.

„Ég notaði Mineralize Skinfinish púður sem nægir að setja létt yfir t-svæði andlitsins og gefur flauelskennda og náttúrulega áferð. Svo notaði ég kremaugnskugga frá MAC sem heitir Gilded Ash og setti svo paintpot sem heitir Background yfir allt augnlokið. Til þess að fá „djúsi“ og fallega áferð yfir augnlokið er settur Brilliance augngloss,“ útskýrir Guðbjörg Huldís. „Til að ýkja og þykkja augnhárin notaði ég svartan Fibre Rich maskara og á varirnar notaði ég Hue varalit sem gefur girnilega áferð með léttum gljáa. Þetta er tiltölulega einfalt að gera og er „look“ sem hæfir flestum svo allir ættu að geta fylgt þessum áhrifum á auðveldan hátt.“

- ag

Idol



ÞITT ATKVÆÐI SKIPTIR MÁLI SÍMAKOSNING Í BEINNI! IDOL STJÖRNULEIT Í KVÖLD KL. 20:30



* HÆGT ER AÐ SENDA SMS EÐA HRINGJA Í NÚMERID.
HVERT ATKVÆÐI KOSTAR 99 KR.

ÞAÐ ER ÓDÝRARA AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA

MEÐ VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 FYLGIR
STÖÐ 2 EXTRA OG STÖÐ 2 BIÓ FRÍTT MEÐ



Iceland Express



skemmtilegri



KLINGENBERG SPÁIR

Margrét Lára Viðarsdóttir fótboltakona

„Margrét Lára er fædd 25.07.86 sem er 11 og útkoman 2. Hún er kraftmikill og efnilegur kvenkostur, skapsterk og réttisyn hagsjónamanneskja. Margrét Lára hefur mjög merkilega tölu í kortunum sem er masterstala sem gefur henni háa og lýsandi orku. Þetta er líka mikil tilfinningatale og fólk með þessa tölu getur átt það til að vera mjög dómhart á sjálfri sig og á þar af leiðandi auðvelt með að eyðileggja fyrir sér mörg tímabil á ævi sinni.“

Eitt það besta sem getur komið fyrir þessa masterstölu er að verða áberandi eða fræg því þá mun allur hugurinn stefna á þá braut. Ein uppáhaldsmanneskjan mín sem er með þessa tölu er Madonna en ýmislegt gekk á hjá henni áður en hún sá ljósið. Ég get ekki betur séð en að Margrét Lára sé búin að sjá ljósið. Hún hefur óvenju sterkan líkama og er pottþétt komin í báða leggi af vikingum svo sár hennar gróa fljótt og hún vorkennir sér aldrei.

Margrét Lára var á kraftmiklu og lærdómsríku ári 2008 og er núna að fara yfir á ár sjálfsgans þar sem hún hugar

betur að sjálfri sér, hvílir andann og fókúsar meira á eigin tilfinningar. Þegar ég skoða í augun á Margrét Lára get ég ekki annað séð en að framtíð hennar sé björt og afgerandi. Ég er ekki alveg viss um að það séu einhverjar brjálæðislegar breytingar fram undan á þessu ári en seinnipart ársins og árið 2010 mun færa Margrét eitt-hvað nýtt og hún mun fá tilboð sem hún mun springa af stolti yfir.“

www.klingenberg.is



FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

Stella Rósenkranz dansari og danshöfundur



Göngutúr í fjörunni með hundinn.



Fletta blöðum yfir góðum kaffibolla í Máli og menningu á Laugavegi.

Eiga „löns“ með góðum vini.

Slaka á eftir vinnu í Spáinu í World Class í Laugum.

Góðir rokk-tónleikar með Cliff Clavin myndu ekki skemma kvöldið.



einfaldlega betri kostur



Verona. Spéggill. 55 x 160 cm. Verð 29.900,-



Spot. Skrifborðslampi. H70 cm. Verð 10.800,- NÚ 7.990,-



Malibu. Kommóða. 4 skúffur. 50 x 92 x 41 cm. Verð 29.900,- NÚ 19.400,- Ýmsir litir.



Fredsack. Grjónapúðar. 135 x 165 cm. Ýmsir litir. Verð 14.900,- Einnig til gylltur og silfurritaður. Verð 19.900,-



Quintin. Spéggill m/ljósi. 50 x 60 cm. Verð 17.900,- 60 x 80 cm. Verð 19.900,-



Pyramid. Borðlampi. H26 cm. Verð 6.990,-



Malibu. Kommóða. 4 skúffur. 50 x 92 x 41 cm. Verð 29.900,- NÚ 19.400,- Ýmsir litir.

ALLT FYRIR FERMINGUNA

GJAFIR, BORDBÚNAÐUR, BORDSKRAUT, KERTI, KERTASTJAKAR OG MARGT FLEIRA

30% afsláttur af öllum kubbakertum og Tealight kertaglosum


Pillar Candle. Ýmsir litir og stærðir. Verðdæmi: Ø6 x H15 cm. Verð 445,- NÚ 290,-
Tealight. Kertaglas. Ýmsir litir. Ø6,5 x H6 cm. Verð 295,- NÚ 195,-



Splittback. Svefnbekkur, svart leður. Einnig til hvítur. Verð 99.900,-



25 ára ábyrgð á broti á grind og fjöðrum
Silence Classic 410 Miðlungsstíf boxdýna. 90 x 200 cm. 37.900,- Hægt að fá í mismunandi stílfleikum. Fætur og yfirdýna seld sér.



Dum Dum. Borðlampi. H24 cm. Verð 6.900,- H35 cm. Verð 7.990,-



Kvadro. Borð. 40 x 40 x 40 cm. Verð 4.900,- Ýmsir litir.



Gjafakort eru gefin út á þjónustuborði ILVA. Frábær gjöf fyrir upphæð að eigin ósk.

shop online

Verslaðu á www.ilva.is Sendum um allt land



Contract. Skrifborð m/2 skúffum. Háglans hvít. 65 x 158 cm. Verð 66.900,- NÚ 49.900,-
Spinn. Skrifborðsstóll m/gaspumpu. Hvítt leður. Verð 54.900,- NÚ 29.900,-



Dream. Koddli, andardúnn. 50 x 70 cm. Verð 6.900,-



2 fyrir 1 sængurverasett 140 x 220 cm
Bubble. Sængurverasett. 140 x 220 / 50 x 70 cm. Verð 7.500,-



ILVA Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík s: 522 4500
laugardaga 10-18 sunnudaga 12-18 mánudaga - föstudaga 11-19

